

Eigindleg rannsókn – Matsblað

Inngangur: 25%

- 5% Hvert er viðfangsefni rannsóknarinnar (útskýra vel) og hvers vegna var það valið?
- 5% Koma með almennar upplýsingar um rannsóknarefnið og vitna í ritaðar heimildir.
- 5% **Rannsóknarspurningar** ásamt **efnisþáttum** settar fram.
- 5% Skilgreina helstu **lykilhugtök** rannsóknarinnar.
- 5% Segja aðeins frá bakgrunni viðmælenda ykkar (nota dulnefni).
Hvers konar þátttakendur voru valdir til að taka þátt í rannsókninni og af hverju?

Aðferðir: 10%

- 5% Umfjöllun um **eigindlegar aðferðir** (vettvangsrannsókn og opin viðtöl)
- 5% Umfjöllun um undirbúning og framkvæmd rannsóknarinnar.

Niðurstöður: 35%

- 10% Umfjöllun um **vettvangsrannsóknina** ef hún var gerð og helstu niðurstöður hennar.
- 20% (30%) **Greina frá því helsta sem kom út úr viðtölunum** og skipuleggja þá samantekt út frá **efnisþáttunum**. Nauðsynlegt er að **vitna** talsvert **í viðtölin** (nota þá gæsalappir) um leið og þið berið saman það helsta sem ykkar viðmælendur sögðu út frá efnisþáttunum.
- 5% **Svara ykkar rannsóknarspurningum** út frá því sem kom fram í niðurstöðunum.

Umræður og lokaorð: 10%

- 5% Setja fram tilgátur út frá niðurstöðum rannsóknarinnar og ræða aðeins niðurstöðurnar. Hvað væri spennandi að rannsaka í framhaldinu?
- 5% Hvernig var að gera þessa rannsókn? Hvernig leið ykkur? Ykkar mat á rannsókninni. Hvernig gekk? Kom eitthvað á óvart?

Heimildanotkun: 10%

Munið að vitna stöðugt í heimildir í rannsóknarskýrslunni og nota til þess footnotes. Heimildaskrá á svo að vera aftast. Athugið að nota APA kerfið (sjá leiðbeiningar undir “Bókasafn” á heimasíðu MK).

Skipulag, frágangur, málfar og stafsetning: 10%

Samtals 100 stig